# Þinggerð 104. Héraðsþings HSK
# Félagsheimilinu Borg 26. mars 2026

**16:30**
**Afhending þinggagna**

**17:00**
**Þingsetning**
Guðríður Aadnegard formaður HSK setti þing og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Hún minntist látinna félaga sem fallið hafa frá síðan á síðasta HSK þingi. Þeir voru: Sigfús Guðmundsson, María K. Jacobsen, Sigurvaldi Rafn Hafsteinnson og Sveinn J. Sveinsson. Þingheimur reis úr sætum og vottaði þessum gengnu félögum virðingu sína. Hún benti á ársritið sem allir fundargestir fengu, fór yfir innihaldsefni þess lauslega og vakti athygli á góðu samstarfi HSK við USVS og ÍBV.

**Tónlistaratriði**

Tónlistaratriði: Hilmir Dreki Guðmundsson í 7. bekk í Kerhólsskóla lék lagið Káti bóndinn á píanó fyrir gesti.

**Kosning þingforseta**

Þingforseti: Guðmundur Finnbogason, stjórnarmaður í frjálsíþróttaráði HSK.

Samþykkt með lófataki

**Kosning þingritara**

Þingritari: Guðrún Ása Kristleifsdóttir, formaður Umf.
Hvatar

Þingritari: Guðný Helgadóttir, gjaldkeri Umf. Hvatar

Samþykkt með lófataki

**Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar**

Jóhanna Bríet Helgadóttir formaður Umf. Hrunamanna, formaður nefndar

Anný Ingimarsdóttir, ritari stjórnar HSK

Magnús Ragnarsson, formaður Skotíþr.f. Skyttur

Samþykkt með lófataki

**17:17 Skýrsla stjórnar**

**Skýrsla formanns HSK**

Guðríður Aadnegard, formaður HSK flutti skýrslu stjórnar.

Hún fór yfir hversu þungur kostnaður heimila getur verið vegna íþróttaiðkunar barna og að sífellt sé erfiðara að fá sjálfboðaliða til starfa. Kostnaður liggur ekki bara í æfingagjöldum heldur einnig í búningum, búnaði, keppnum og ferðum. Kostnaður megi ekki hamla þátttöku barna á efnaminni heimilum í íþróttum og heldur ekki búseta. Fjáraflanir ganga ekki jafn vel og áður og fjármagn verður því að koma inn í starfið með öðrum hætti. Allir þurfa að geta verið með og með því að fjárfesta í íþróttum styrkjum við forvarnarstarf og fjárfestum í framtíðinni. Einnig minntist hún á gott ávarp Höllu Tómasdóttur við kjör á íþróttamanni ársins 2026. Hún talar fyrir því að við þurfum að skapa umhverfi sem styður við drauma og heilbrigði barna og ungmenna, styrkja og efla félagsleg tengsl og trú ungmenna á eigin getu og efla íþróttafélögin til að taka á móti þeim óháð bakgrunni þeirra.

Guðríður veitti Silfurmerki HSK: Guðmundur Karl Sigurdórsson, fjölmiðlamaður og fyrrverandi formaður Knattspyrnufélags Árborgar.

Hún vék máli sínu til Noregs og fór yfir áherslur þeirra í íþróttastarfi í skíðaíþróttum og hvernig Norðmenn gera sem flestum börnum kleift að iðka íþróttina og hvað við getum gert hér á landi til að feta í sömu fótspor. Hún benti á að það er samfélaginu dýrt að hafa ekki faglegt íþróttastarf í samfélaginu og beindi þessu til sveitarstjórnarfólks þar sem skortur á þessu þýðir útgjöld á öðrum sviðum. Að lokum þakkaði hún öllum sem komu að starfinu á árinu fyrir frábært og óeigingjarnt starf.

**Ársreikningur HSK 2025**

Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK gerði grein fyrir reikningum sambandsins fyrir árið 2025.

Hann minnti á kjörbréfin og fór svo yfir ársreikninginn í fjarveru Guðmundar gjaldkera. Hann fór yfir þau áhrif sem breytingar á lottógreiðslum hafa haft á tekjur sambandsins á árinu, bæði þær breytingar sem gerðar voru árið 2024 og þær sem tóku gildi síðustu áramót. Um 10 miljóna króna arðgreiðsla barst á síðasta ári og einnig fór hann yfir björgunarpakkann frá UMFÍ. Hann minntist á að launakostnaður hefur aukist og að styrkur hafi borist frá UMFÍ upp á 300.000, svokölluð gleðiávísun. Einnig hvatti hann félögin til þess að sækja um styrk til verkefnasjóðs HSK.

**Umræður**

Engar umræður um skýrslu stjórnar.

Spurning barst úr sal þar sem spurt var út í lið 13 í ársreikningi, önnur gjöld. Hvers vegna kostnaður við unglingalandsmótsþátttöku lækkaði um rúmar 800 þúsund.

Engilbert Olgeirsson varð fyrir svörum og gaf þær útskýringar að ekki hafi þurft að kaupa treyjur sem gefnar hafa verið á unglingalandsmótum, þar sem nægur lager af treyjum var til. Guðrún Ása bætti því við að ekki var farið með HSK tjald á mótið, líkt og gert var árið á undan og því var ekki kostnaður við flutning á því á síðasta ári.

**17:53 Ávörp gesta**

Hafsteinn Pálsson stjórnarmaður í ÍSÍ

Hafsteinn færði kveðjur frá stjórn og starfsfólki ÍSÍ og þakkaði fyrir samstarfið á árinu. Hann þakkaði fyrir mikilvægt starf í þágu æskulýðs og íþróttastarfs í héraðinu. Hann þakkaði fyrir ræðu formanns og hrósaði henni fyrir glæsilega skýrslu stjórnar. Hann minntist á þá stefnumótun sem ÍSÍ og UMFÍ eru að vinna að og vonar hann að sú vinna skili sér vel inn í starfið. Hann fór inn á hversu mikilvægar tekjur Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna eru fyrir starfið og telur mikilvægt að standa vörð um þá starfsemi þar sem samkeppni sé orðin mikil við ólöglega spilastarfsemi. Hann gagnrýndi þá staðreynd að ekki sé hægt að

fylgja því regluverki sem gildir í landinu sem snýr að ólöglegri spilastarfsemi. Hann kom að utanumhaldi um iðkendatal og félagatal og talaði um mikilvægi þess að það sé trúverðugt, ekki sé trúverðugt að þessar tvær tölur séu sama talan þar sem t.d. stjórnarmenn séu ekki teknir með í iðkendatali. Það skiptir máli að hægt sé að sýna fram á raun umfang starfsins. Hann talaði um að styrkir frá ríkinu séu ekki að fylgja verðlagsþróun og það komi niður á starfinu og það þurfi öflugra samtal og skilning frá stjórnvöldum. Hann minntist stuttlega á svæðisskrifstofurnar og væntir þess að gott samstarf sé við svæðisskrifstofuna í okkar héraði og hvatti félögin til að hafa samband við hana ef þau vanti aðstoð. Að lokum hvatti hann alla til þess að taka þátt í Lífshlaupinu, Hjólað í vinnuna og Björtum lífsstíl, áður en hann veitti viðurkenningar fyrir hönd stjórnar ÍSÍ.

Þau sem hlutu viðurkenningu að þessu sinni voru:

Anný Ingimarsdóttir, stjórn HSK, Gullmerki ÍSÍ

Gylfi Þorkelsson, fyrrverandi formaður Körfuknattleiksfélags Selfoss, Gullmerki ÍSÍ

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ

Jóhann óskaði stjórn til hamingju með skýrslu stjórnar og tók undir orð Hafsteins um ræðu formanns, sem að hans mati sé einstaklega góð. Hann fór yfir að nú séu sögulegir tímar sem að felst meðal annars í því að verið sé að vinna í sameiginlegri stefnumótun ÍSÍ og UMFÍ. Í tengslum við það hafa farið fram fundir með fulltrúum íþróttahreyfingar og fulltrúum utan hreyfingarinnar, um heildstæða stefnumótum og þar hefur markvisst verið unnið að því að fá sem flesta að borðinu. Haldnir hafa verið fundir um allt land og áætlað er að þeirri fundarröð ljúki núna í apríl. Hann sagði þetta umfangsmikið verkefni og fór aðeins yfir þá reynslu sem hefur skapast í verkefninu. Hann nefndi þau tímamót sem urðu í sögu UMFÍ á síðasta ári þegar ÍBV varð sambandsaðili UMFÍ og fór yfir þau tækifæri sem með því skapast. Hann kom einnig inn á Íslenska getspá og Íslenskar getraunir líkt og Hafsteinn og minnti á að þetta sé ein af mikilvægustu tekjuöflunarleiðum íþróttahreyfingarinnar og að við þurfum að standa saman og ákveða hvað við viljum gera til að standa vörð um þessar tekjur. Hann fór yfir björgunarpakkann sem gerður var til þess að mæta áhrifum breytinga á útgreiðslu lottófjármagns á sambandsaðila sem voru samtals 60 miljónir króna og telur hann að mikill samstarfsvilji sé til þess að finna aðrar lausnir vegna lottómálana en björgunarpakkinn var einungis eins skiptis aðgerð. Jóhann minnti á almannaheillaskrá og mikilvægi þess að félögin skrái sig, einnig minnti hann á Hvatasjóð íþróttahreyfingarinnar, Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ og Umhverfissjóð UMFÍ.

Að lokum minntist hann á svæðisstöðvarnar sem eru nýsköpunarverkefni UMFÍ og ÍSÍ og eru dreifðar um landið, hann hvatti félögin til að leita til svæðisfulltrúanna.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ afhenti heiðursmerki UMFÍ en þau hlutu:

Starfsmerki UMFÍ: Guðrún Ása Kristleifsdóttir, formaður Umf. Hvatar, stjórnarmaður í frjálsíþróttadeild Selfoss og varamaður í stjórn HSK
Gullmerki UMFÍ: Lísa Thomsen, fyrrverandi formaður Umf. Hvatar.

**18.30 Verðlaunaafhending**

Guðríður Aadnegard formaður og Anný Ingimarsdóttir ritari veittu verðlaun

Verðlaun fyrir stigahæsta félagið: Íþróttafélagið Dímon

Öðlingur ársins: Svanur Ingvarsson, Umf. Selfoss og íþróttafélaginu Suðra. Hann sagði nokkur orð við afhendinguna.

Hvatningarverðlaun: Ungmennafélag Biskupstungna

Íþróttakarl HSK 2025: Eric Máni Guðmundsson, Umf. Selfoss

Íþróttakona HSK 2025: Heiðrún Anna Hlynsdóttir, GOS

**18:50 Kvöldverður í boði Grímsnes- og Grafningshrepps**

**19.20 Matmaður HSK**

Lárus Arnar Guðmundsson var fulltrúi matmanns þingsins 2025 en vegna fjarveru hans valdi hann Guðmund Karl Sigurdórsson í sinn stað. Það kom því í hans hlut að velja matsmann þingsins að þessu sinni og fyrir valinu varð Steinar Sigurjónsson og þakkaði hann Einari kokki vel fyrir matinn og salurinn klappaði einnig vel fyrir honum.

Formaður HSK kallaði Ásu Valdísi Árnadóttur oddvita og Fjólu Steindóru Kristinsdóttur sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps upp á svið og gaf þeim þakkarplatta fyrir sitt framlag og veittan stuðning.

**Sleifarkeppni**

Smári Stefánsson Umf. Laugdæla sá um sleifarkeppnina. Smári valdi keppendur úr golfklúbbum og svo bætti hann nokkrum við úr hestamannafélögunum til að fylla upp í sætin.

Sigurjón Harðarson Golfklúbbi Ásatúns, Ottó Leifsson Golfklúbbnum Flúðum, Auður Róseyjardóttir Golfklúbbi Selfoss, Einar Lyng Golfklúbbi Hveragerðis, Frímann Baldursson Golfklúbbnum Geysi, Sóley Margeirsdóttir Hestamannafélaginu Geysi, Monika S. Pálsdóttir Hestamannafélaginu Háfeta og Vilborg Ástráðsdóttir Hestamannafélaginu Jökli kepptu. Frímann fór með sigur úr bítum í keppninni í ár sem var leikurinn „skæri, blað, steinn“.

**19.33 Álit kjörbréfanefndar**

Jóhanna Bríet Helgadóttir gerði grein fyrir áliti kjörbréfanefndar. Skattskyldir félagar voru 23.147 í 54 félögum og tveimur sérráðum. 101 fulltrúar frá 35 félögum og einu sérráði mættu til þings. Formaður kjörbréfanefndar las upp kjörbréf sem borist höfðu og hver þingfulltrúi stóð upp þegar nafn hans var lesið. Þingfulltrúar sem mættu á þingið (innan sviga er fjöldi sem hvert félag/ráð mátti senda). Einnig eru varamenn nefndir, ef þeir mættu til þings.

Golfklúbbur Ásatúns (2): Sigurjón Harðarson og Árni Sófusson.
Golfklúbburinn Flúðir (2): Ottó Leifsson og Daníel Halldórsson.
Golfklúbbur Geysis (1): Frímann Birgir Baldursson.
Golfklúbbur Hveragerðis (3): Erlingur Arthursson, Arnar Geir Helgason og Einar Lyng Hjaltason.
Golfklúbbur Selfoss (4): Magnús J Magnússon, Auður Róseyjardóttir, Bjarki Þór Guðmundsson og Heiðrún Anna Hlynsdóttir.
Hestamannafélagið Geysir (4): Lárus Jóhann Guðmundsson, Sóley Margeirsdóttir, Edda S. Thorlacius og Lea Birna Lárusdóttir.
Hestamannafélagið Háfeti (1): Monike S. Pálsdóttir.
Hestamannafélagið Jökull (4): Vilborg María Ástráðsdóttir, Svava Kristinsdóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir og Eva Björk Kristborgardóttir.
Hestamannafélagið Ljúfur (2): Ragnhildur Gísladóttir og Yvonne Tix.
Hestamannafélagið Sleipnir (4): Berglind Sveinsdóttir, Guðmundur Árnason, Anna Björg Níelsdóttir og Jón Valgeir Geirsson.

Íþróttafélagið Dímon (4): Eyrún María Guðmundsdóttir, Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, Katrín Eyland Gunnarsdóttir og Elínbjört Kristín Oddsdóttir.
Íþróttafélagið Garpur (1): Steindór Tómasson.
Íþróttafélagið Gnýr (1): Kristján Þór Steinþórsson. Varamaður: Piotr Jerzy Wojdet.
Íþróttafélagið Hamar (10): Þorsteinn T. Ragnarsson, Guðjóna Sigurðardóttir, Jónas Guðnason, Dagrún Ösp Össurardóttir, Hrund Guðmundsdóttir, Guðmundur Benóný Baldvinsson, Ágúst Logi Valgeirsson, Ragnheiður Kristinsdóttir, Þorsteinn Árnason, Ingibjörg Austmann, Ása Sóley og Valgerður Rut Jakobsdóttir.
Íþróttafélagið Mílan (1): Einar Sindri Ólafsson.
Íþróttafélag Uppsveita (2): Sigurjón Snær Jónsson og Jón Forni Snæbjörnsson.
Knattspyrnufélag Árborgar (1): Óttar Guðlaugsson.
Knattspyrnufélag Rangæinga (5): Tinna Erlingsdóttir, Hildur Vala Smáradóttir, Kristín Sóldís Ólafsdóttir, Kolbrá Hekla Guðjónsdóttir og Yngvi Karl Jónsson.
Knattspyrnufélagið Ægir (2): Guðbjartur Örn Einarsson og Jón Reynir Sveinsson.
Körfuknattleiksfélag Selfoss (2): Magnús Stephenson Magnússon og Eggert Sigurþór Guðlaugsson.
Skotíþróttafélagið Skyttur (2): Magnús Ragnarsson og Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir.
Skotíþróttafélag Suðurlands (3): Guðmundur G. Þórisson, Hákon Þór Svavarsson og Birna Sævarsdóttir.
Ungmennafélag Biskupstungna (2): Jóna Sigríður Guðmundsdóttir og Kristín Ísabella Karlsdóttir.
Ungmennafélagið Dagsbrún (1): Pia Rumpf.
Ungmennafélagið Framtíðin (1): Helgi Ármannsson.
Ungmennafélag Gnúpverja (2): Hafdís Hafsteinsdóttir og Rakel Þórarinsdóttir.
Ungmennafélagið Heklu (4): Gunnar Aron Ólason, Ástþór Jón Ragnheiðarson, Ragnheiður Högnadóttir og Elfa Ósk Guðlaugsdóttir.
Ungmennafélag Hrunamanna (1): Jóhanna Bríet Helgadóttir.
Ungmennafélagið Hvöt (1): Guðrún Ása Kristleifsdóttir. Varamaður Guðný Helgadóttir.
Ungmennafélagið Ingólfur (1) : Ágústa Kristín Hjaltadóttir.
Ungmennafélag Laugdæla (1): Smári Stefánsson.
Ungmennafélag Selfoss (16): Rubén Illera López, Andrea Ýr Grímsdóttir, Hjalti Jón Kjartansson, Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Martha Rut Sigurðardóttir, Kristinn Sölvi Sigurgeirsson, Ragnheiður Brynjólfsdóttir, Sævar Þór Gíslason, Grímur Freyr Björnsson, Jóhanna Margrét Eðvaldsdóttir, Ófeigur Ágúst Leifsson, Guðbjörg Gína Pétursdóttir, Hafsteinn Guðmundsson, Markús Árni Vernharðsson, Þórir Haraldsson, Birna Dögg Fox Björnsdóttir og Gissur Jónsson, sem kom inn fyrir Helga S. Haraldsson sem forfallaðist. Varamenn: Árni Þór Grétarsson og Guðrún Tryggvadóttir.
Ungmennafélag Skeiðamanna (2): Viktoría Rós Guðmundsdóttir og Ásgeir Guðmundsson.
Ungmennafélagið Þjótandi (2): Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Harpa Magnúsdóttir.
Ungmennafélagið Þór (3): Guðbergur Kristjánsson og Gyða Steina Þorsteinsdóttir.
Frjálsíþróttaráð HSK (1): Guðmunda Ólafsdóttir.

101 þingfulltrúar og fjórir varamenn frá 35 félögum og einu sérráði HSK mættu. 19 félög og eitt ráð sendu ekki fulltrúa á þingið.

Kjörbréf borin undir atkvæði
Samþykkt samhljóða

**19:43 Ársreikningur borinn undir atkvæði** og var hann samþykktur samhljóða.

**Tillögur lagðar fyrir þingið:**
Guðríður gerði grein fyrir tillögum frá stjórn.

## Afgreiðsla tillagna

**Tillaga nr. 1**

**104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, samþykkir að veita Golfklúbbi Hraunborga aðild að Héraðssambandinu Skarphéðni.**

*Greinargerð:*

Klúbburinn var stofnaður 29. ágúst 2013, en það var ekki fyrr en 3. júní 2025 sem félagið sækir um aðild að Héraðssambandinu Skarphéðni. Lög félagsins voru send til ÍSÍ til skoðunar og þann 20. ágúst 2025 staðfesti framkvæmdastjórn ÍSÍ lög félagsins, með fyrirvara um að gerðar yrðu lagfæringar á lögunum. Félagið tók lögin til endurskoðunar, sbr. óskir ÍSÍ og voru tillögur að breytingum lagðar fram og samþykktar á aðalfundi félagsins 5. mars 2026.

Stjórn HSK veitti félaginu bráðabirgðaaðild að Héraðssambandinu Skarphéðni, eftir samþykkt stjórnar ÍSÍ. Tillaga þess efnis var samþykkt á fundi stjórnar HSK 27. ágúst 2025.

Samkvæmt 4. grein laga HSK þurfa ný félög, sem óska eftir aðild að HSK, að hljóta samþykki héraðsþings HSK og því er þessi tillaga lögð fram.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 2**

**Þakkir til héraðsnefnda og sveitarfélaga**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, þakkar sveitarstjórnum og héraðsnefndum á sambandssvæði HSK fyrir mikilvægan stuðning á árinu.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 3**

**Unglingalandsmót UMFÍ 2026**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, hvetur aðildarfélög HSK til virkrar þátttöku á 27. Unglingalandsmóti UMFÍ á Sauðárkróki 31. júlí – 3. ágúst 2026. Stjórn HSK er falið að skipa fimm manna Unglingalandsmótsnefnd sem vinnur að skipulagningu þátttöku keppenda af sambandssvæðinu, ásamt félögum sambandsins.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 4**

**Landsmót 50+**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, hvetur sunnlendinga til að mæta á 12. Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður í Eyjafirði, dagana 26. - 28. júní 2026. Aðildarfélögum sambandsins er falið það verkefni að vekja athygli á mótinu í samráði við mótshaldara og hvetja félagsmenn 50+ til þátttöku.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 5**

**Íslenskar getraunir**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, fagnar aukinni getraunasölu innan héraðs á síðasta ári. Þingið hvetur aðildarfélögin að auka söluna enn frekar á komandi árum. Mikilvægt er að félögin minni á getraunanúmer félaga, en virk getraunanúmer og tekjur félaga af getraunasölunni má sjá í ársskýrslu HSK á blaðsíðu 27.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 6**

**Árlegar skyldur félaga**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, minnir aðildarfélög sambandsins á skyldur félaga sem þau þurfa að uppfylla árlega, sbr. lög hreyfingarinnar.  Hér er sérstaklega átt við nauðsyn þess að halda aðalfund árlega og leggja þar fram ársreikning félagsins og skil á starfsskýrslu til ÍSÍ og  UMFÍ.

*Greinargerð:*

Tvö félög héldu ekki aðalfund í fyrra, en hafa haldið hann í ár fyrir héraðsþing. Fjögur félög til viðbótar hafa ekki tilkynnt um dagsetningu aðalfundar í fyrra og hafa ekki boðað enn til fundar í ár. Þau félög verða að halda aðalfund fyrir 15. apríl nk.

Engilbert tekur til máls: Engin frestur gefinn umfram 15. Apríl, ef það gengur ekki eftir þá fá þau félög ekki fyrstu úthlutun í lottó. Hann hvetur til þess að allir klári ársreikning og haldi aðalfund fyrir 15. apríl.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 7**

**Þakkir til sjálfboðaliða**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, þakkar þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem koma að starfi aðildarfélaga HSK og íþróttahreyfingarinnar allrar.  Starf sjálfboðaliðans verður ekki metið til fjár og seint fullþakkað.  Takk allir sjálfboðaliðar!.

Þórir Haraldsson tekur til máls: Hann þakkar stjórn fyrir starfið á síðasta ári og vill minnast á að við sem hreyfing verðum að gera betur í að halda á lofti þessu góða starfi. Hann telur að við vanmetum þann tíma sem fer í sjálfboðaliða starf, hann tekur dæmi þess þeir sjálfboðaliðatímar sem fara bara í heimaleiki á Selfossi fari vel á þriðja þúsundið. Hann leggur það til að heildarsamtökin setji upp einhverskonar tímabókhald sem félögin geta nýtt til þess að sýna fram á það hversu mikið af sjálfboðaliðatímum er varið í heyfinguna og hvers virði það er. Hann telur það mikilvægt vopn í baráttunni fyrir því að stjórnvöld, bæði á heimavettvangi og landsvísu meti það mikla starf sem hreyfingin vinnur, að verðleikum.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 8**

**Rekstur svæðisstöðva íþróttahéraða**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg, 26. mars 2026, skorar á stjórnvöld að tryggja áframhaldandi rekstur svæðisstöðva íþróttahéraða og Hvatasjóðs íþróttahreyfingarinnar til næstu ára.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr.  9**

**Allir með**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg, 26. mars 2026, hvetur allar sveitarstjórnir og íþróttafélög á sambandssvæði HSK að taka virkan þátt í verkefninu Allir með,

samstarfsverkefni íþróttahreyfingarinnar (ÍSI, UMFÍ og ÍF).

*Greinargerð*:

Markmið verkefnisins er:

Að fjölga tækifærum fatlaðra til íþróttaiðkunar í samstarfi við íþróttahreyfinguna.

Að öll börn og ungmenni eigi möguleika á því að taka þátt í íþróttum í sínu nærumhverfi í samræmi við óskir sínar og þarfir með viðeigandi aðlögun.

Að allir skulu eiga kost á að öðlast reynslu af þátttöku í íþróttum og verða sér úti um leikni til að þróast í öryggi og góðum félagsskap.

Á heimasíðu verkefnisins er hægt að sækja um styrk vegna verkefna sem fela í sér inngildingu fatlaðra í íþróttastarf hjá íþróttafélögum.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 10**

**Heildarstefnumótun fyrir íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, fagnar þeirri heildarstefnumótun fyrir íþrótta- og ungmennafélagshreyfinguna, sem hafin er.

Markmið stefnumótunarinnar er að:

• Skilgreina skýrara hlutverk innan og milli hreyfinganna, sambandsaðila og aðildarfélaga þeirra

• Skilgreina óskir og forgangsmál hreyfingarinnar varðandi aðkomu ríkis og sveitarfélaga

• Leggja fram sameiginlega framtíðarsýn um hlutverk og ábyrgð íþróttahreyfingarinnar í íslensku samfélagi.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 11**

**Skráning á almannaheillaskrá Skattsins**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, hvetur aðildarfélögin og deildir þeirra að sækja um skráningu á almannaheillaskrá Skattsins fyrir 1. nóvember 2026, hafi það ekki þegar verið gert. Eftir það þarf að endurnýja skráninguna árlega í byrjun árs.

*Greinargerð:*
Lög um skattalega hvata til almannaheillastarfsemi tóku gildi í nóvember 2021. Lögin fela í sér heimild fyrir einstaklinga til að draga allt að 350 þúsund krónur á ári frá skattskyldum tekjum sínum utan atvinnurekstrar vegna framlaga til almannaheillastarfsemi. Auk þess er kveðið á um tvöföldun á hlutfalli sem atvinnurekstraraðilar mega draga frá skattskyldum tekjum vegna slíkra framlaga og fer það úr 0,75% í 1,5%. Einnig geta félög og deildir fengið endurgreiðslu á fjármagnstekjuskatti, séu þau á almannaheillaskrá.

Markmið breytinganna er að hvetja einstaklinga og fyrirtæki til að styðja við almannaheillastarfsemi milliliðalaust, auk þess að styrkja stöðu lögaðila sem starfa til almannaheilla.

Engilbert tekur til máls: Hann undirstrikar mkilvægi þessa að félög skrái sig og tekur dæmi þess úr ársreikningi HSK.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 12**

**Skattur aðildarfélaga**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, samþykkir að skattur aðildarfélaga sambandsins árið 2026 verði 175 kr. á félaga 18 ára og eldri.

Samþykkt samhljóða.

**Tillaga nr. 13**

**Fjárhagsáætlun HSK**

104. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið á Borg 26. mars 2026, samþykkti eftirfarandi fjárhagsáætlun HSK fyrir árið 2026: (exelskjal)

## Tillaga að fjárhagsáætlun HSK 2026

**lögð fram á héraðsþingi 26. mars 2026**

| | Skýr. | Áætlun 2026 | Rauntölur 2025 | Áætlun 2025 |
|---|---|---|---|---|
| **REKSTRARTEKJUR** | | | | |
| Framlög og styrkir | 1 | 62.100.000 | 67.596.767 | 50.816.000 |
| Tekjur af mótum | 2 | 450.000 | 432.150 | 600.000 |
| Auglýsingatekjur | 3 | 380.000 | 380.000 | 370.000 |
| Aðrar tekjur | 4 | 4.876.000 | 4.958.710 | 4.460.000 |
| Rekstrartekjur alls | | **67.806.000** | **73.367.627** | **56.246.000** |
| | | | | |
| **REKSTRARGJÖLD** | | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 5 | 16.165.000 | 14.937.682 | 14.170.000 |
| Fundir og þing | 6 | 730.000 | 1.167.952 | 920.000 |
| Áhöld og tæki | 7 | 500.000 | 0 | 0 |
| Þátttaka í mótum | 8 | 0 | 0 | 0 |
| Kostnaður v/mótahalds | 9 | 410.000 | 409.580 | 450.000 |
| Rekstur mannvirkja | 10 | 700.000 | 700.000 | 700.000 |
| Rekstur skrifstofu | 11 | 947.500 | 913.175 | 972.500 |
| Kynning, fræðsla og útbreiðsla | 12 | 710.000 | 697.388 | 690.000 |
| Önnur gjöld | 13 | 47.990.000 | 50.824.306 | 38.406.500 |
| **Rekstrargjöld alls** | | **68.152.500** | **69.650.083** | **56.309.000** |
| | | | | |
| **Hagnaður án fjármagnsliða** | | **-346.500** | **3.717.544** | **-63.000** |
| | | | | |
| **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.200.000 | 1.675.043 | 1.000.000 |
| Vaxtagjöld | | 0 | 0 | 0 |
| Þjónustugjöld | | -35.000 | -32.588 | -30.000 |
| Fjármagnstekjuskattur | | 0 | 0 | -17.000 |
| **Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls** | | **1.165.000** | **1.642.455** | **953.000** |
| | | | | |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | **818.500** | **5.359.999** | **890.000** |

| **Skýringar á fjárhagsáætlun HSK 2026** | **Áætlun 2026** | **Rauntölur 2025** | **Áætlun 2025** |
|---|---|---|---|
| **1. Framlög og styrkir** | | | |
| Útbreiðslustyrkur ÍSÍ | 0 | 0 | 0 |
| Styrkur UMFÍ | 0 | 300.000 | |
| Lottó | 57.300.000 | 62.285.962 | 45.800.000 |
| Getraunir | 3.000.000 | 3.266.350 | 3.266.000 |
| Framlag frá sveitarfélögum | 1.800.000 | 1.744.455 | 1.750.000 |
| **Framlög og styrkir alls** | **62.100.000** | **67.596.767** | **50.816.000** |
| | | | |
| **2. Tekjur af mótum** | | | |
| Þátttökugjöld | 450.000 | 432.150 | 600.000 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Landsmótshald | 0 | 0 | 0 |
| **Tekjur af mótum alls** | **450.000** | **432.150** | **600.000** |
| | | | |
| **3. Auglýsingatekjur** | | | |
| Útgáfa | 180.000 | 180.000 | 220.000 |
| Heimasíða | 200.000 | 200.000 | 150.000 |
| **Auglýsingatekjur alls** | **380.000** | **380.000** | **370.000** |
| | | | |
| **4. Aðrar tekjur** | | | |
| Skattar aðildarfélaga | 2.900.000 | 2.859.150 | 2.900.000 |
| HSK þing | 95.000 | 95.000 | 65.000 |
| Leigutekjur v/skrifstofu | 756.000 | 720.000 | 720.000 |
| Tekjur v/Unglingalandsmóts | 525.000 | 525.000 | 575.000 |
| Aðrar tekjur | 600.000 | 759.560 | 200.000 |
| **Aðrar tekjur alls** | **4.876.000** | **4.958.710** | **4.460.000** |
| | | | |
| **5. Laun og verktakagreiðslur** | | | |
| Laun starfsmanna | 11.320.000 | 10.460.457 | 9.900.000 |
| Tryggingagjald | 920.000 | 852.627 | 800.000 |
| Lífeyrissjóður | 1.540.000 | 1.420.558 | 1.350.000 |
| **Laun alls** | **13.780.000** | **12.733.642** | **12.050.000** |
| | | | |
| **Bifreiða- og aðrir styrkir** | | | |
| Bifreiðastyrkir starfsmanna | 1.660.000 | 1.556.640 | 1.450.000 |
| Dagpeningar | 725.000 | 647.400 | 670.000 |
| **Bifreiða- og aðrir styrkir alls** | **2.385.000** | **2.204.040** | **2.120.000** |
| **Laun og verktakagreiðslur alls** | **16.165.000** | **14.937.682** | **14.170.000** |
| | | | |
| **6. Fundir og þing** | | | |
| Stjórnarfundir HSK | 350.000 | 34.899 | 40.000 |
| Þing HSK | 150.000 | 135.231 | 150.000 |
| Formannafundur HSK | 10.000 | 9.182 | 10.000 |
| Nefndafundir HSK | 30.000 | 20.633 | 35.000 |
| Þing ÍSÍ | 0 | 22.500 | 25.000 |
| Þing UMFÍ | 0 | 718.340 | 650.000 |
| Vorfundur UMFÍ | 30.000 | 2.215 | |
| Sambandsráðsfundur UMFÍ | 60.000 | | |
| Aðrir fundir og ráðstefnur | 100.000 | 224.952 | 10.000 |
| **Fundir og þing alls** | **730.000** | **1.167.952** | **920.000** |

| | **Áætlun 2026** | **Rauntölur 2025** | **Áætlun 2025** |
|---|---|---|---|
| **7. Áhöld og tæki** | | | |
| Skrifstofuáhöld | 500.000 | 0 | 0 |
| Önnur áhöld | 0 | 0 | 0 |
| **Áhöld og tæki alls** | **500.000** | **0** | **0** |
| | | | |
| **9. Kostnaður v/mótahalds** | | | |
| Verðlaunapeningar | 160.000 | 152.000 | 150.000 |
| Húsa- eða vallarleiga | 0 | 0 | 0 |
| Annar kostnaður vegna mótahalds | 250.000 | 257.580 | 300.000 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Landsmótshald | 0 | 0 | 0 |
| Landsmótshald, hlutdeild félaga | 0 | 0 | 0 |
| Landsmótshald, hlutdeild Verkefnasjóðs | 0 | 0 | 0 |
| **Kostnaður v/mótahalds alls** | **410.000** | **409.580** | **450.000** |
| | | | |
| **10. Rekstur mannvirkja** | | | |
| Selið | 700.000 | 700.000 | 700.000 |
| **Rekstur mannvirkja alls** | **700.000** | **700.000** | **700.000** |
| | | | |
| **11. Rekstur skrifstofu** | | | |
| Sími | 260.000 | 254.055 | 300.000 |
| Ritföng | 20.000 | 20.326 | 15.000 |
| Prentun | 15.000 | 10.048 | 15.000 |
| Póstkostnaður | 2.500 | 1.730 | 2.500 |
| Kaffikostnaður og risna | 50.000 | 49.026 | 30.000 |
| Tölvukostnaður | 400.000 | 408.567 | 350.000 |
| Annar skrifstofukostnaður | 200.000 | 169.423 | 260.000 |
| **Rekstur skrifstofu alls** | **947.500** | **913.175** | **972.500** |
| | | | |
| **12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla** | | | |
| Útgáfa ársskýrslu | 450.000 | 435.488 | 430.000 |
| Heimasíða | 260.000 | 261.900 | 260.000 |
| Námskeið | | | |
| **Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls** | **710.000** | **697.388** | **690.000** |
| | | | |
| **13. Önnur gjöld** | | | |
| Lottógreiðslur til félaga | 41.256.000 | 44.729.047 | 32.976.000 |
| Unglingalandsmótsþátttaka | 1.200.000 | 59.768 | 800.000 |
| Þátttaka á landsmóti 50+ | 0 | 0 | 0 |
| Verkefnasjóður HSK | 5.384.000 | 5.916.305 | 4.480.500 |
| Ýmis kostnaður | 150.000 | 119.186 | 150.000 |
| Afskriftir | 0 | 0 | 0 |
| **Önnur gjöld alls** | **47.990.000** | **50.824.306** | **38.406.500** |

Samþykkt samhljóða

Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ bað aftur um orðið og veitti tvö starfsmerki UMFÍ til viðbótar til fjarverandi aðila en það voru Hörður Óli Guðmundsson og Kjartan Helgason báðir félagar í Umf. Hvöt. Lísa Thomsen tók að sér að koma merkjunum til þessara heiðursmanna sem ekki komust á þingið.

**20.25 Kosningar**

## Nefnda- og stjórnarskipan HSK 2026, tillaga kjörnefndar

| **Almenningsíþróttanefnd** | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Ingvar Garðarsson | Umf. Skeiðam. | Engjavegi 42 | 482 2730 | 698 5730 | hlaupaskor@hotmail.com |
| | Magnús Jóhannsson | Umf. Selfoss | Skólavöllum 12 | | 840 6320 | skolavellir12@simnet.is |
| | Aðalsteinn Geirsson | Umf. Selfoss | Álftarima 9 | | 869 9613 | aggo@simnet.is |
| Varamaður: | Vigfús Eyjólfsson | Umf. Selfoss | Heimahaga 13 | | 694 4093 | vigfusey@gmail.com |
| | | | | | | |
| **Badmintonnefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Formaður: | Þórhallur Einisson | Íþr.f. Hamri | Laufskógum 34 | | 615 0099 | tolli@tolli.com |
| | Hrund Guðmundsdóttir | Íþr.f. Hamri | Laufskógum 34 | | 615 0033 | hrund@hrund.com |
| | Ólafur Dór Steindórsson | Íþr.f. Hamri | Hveragerði | | 690 9624 | olissteindors@gmail.com |
| Varamenn: | Ólafur Elí Magnússon | Íþr.f. Dímon | Króktúni 9 | 487 8692 | 848 6196 | olieli@simnet.is |
| | | | | | | |
| **Blaknefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Haraldur Örn Björnsson | Íþr.f. Hamri | Heiðarbrún 12 | | 862 9513 | halli25@gmail.com |
| | Guðný H. Indriðadóttir | Íþr.f. Dímon | Freyvangi 10 | | 867 8053 | gudny.h.indridadottir@land.is |
| | Hrund Pálsdóttir | Umf. Hrunam. | Hrepphólum 2 | | 868 9349 | hrundpals@gmail.com |
| Varamaður: | Freyja Rós Haraldsdóttir | Umf. Laugdæla | Skólatúni 11 | | 845 0040 | freyjafrh@gmail.com |
| | | | | | | |
| **Borðtennisnefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Bæring J. Guðmundsson | Íþr.f. Garpi | Giljatanga 7 | | 694 6586 | baering@laugaland.is |
| | Sveinbjörn Ari Gunnarsson | Umf. Selfoss | Vallarlandi 10 | | 866 7266 | svari@live.com |
| | Ólafur Elí Magnússon | Íþr.f. Dímon | Króktúni 9 | 487 8692 | 848 6196 | olieli@simnet.is |
| Varamaður: | Reynir Björgvinsson | Íþr.f. Dímon | Hvolstúni 33B | | 860 9899 | reynir@ss.is |
| | | | | | | |
| **Briddsnefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Garðar Garðarsson | Umf. Selfoss | Furugrund 22 | 482 2352 | 893 2352 | gardargard1947@gmail.com |
| | Ómar Olgeirsson | Íþr.f. Garpi | Hraunbæ 44 | | 869 1275 | icearif@hotmail.com |
| | Kristján Hálfdánarson | Íþr.f. Dímon | Króktúni 7 | 487 8237 | 895 1697 | kristjanhalf@simnet.is |
| Varamaður: | Sveinn Þór Gunnarsson | Umf. Gnúpverja | Stóra-Núpi | 486 6019 | 895 6991 | sveinnthorgunnarsson@gmail.com |
| | | | | | | |
| **Golfnefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Arnór Ingi Hlíðdal | Golfkl. Selfoss | Smáralandi 2 | | 867 8460 | arnorhliddal96@gmail.com |
| | Einar Tryggvason | Golfkl. Geysi | Ástjörn 11 | | 898 9141 | einar@geysirgolf.is |
| | Hjördís Björnsdóttir | Golfkl. Úthlíð | Úthlíð | | 844 4626 | hjordisbj@gmail.com |
| Varamaður: | Einar Lyng Hjaltason | Golfkl. Hverag. | Borgarheiði 6h | 483 3371 | 771 2410 | einarlyng@ghg.is |
| | | | | | | |
| **Handknattleiksnefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður | Einar Sindri Ólafsson | IF Mílan | Víðivöllum 7 | | 867 9248 | eolafs@gmail.com |
| | Hjörtur Leó Ólafsson | IF Mílan | Urriðalæk 7 | | 867 7574 | hjorturleo@gmail.com |
| | Anton Ingi Arnarson | Umf. Selfoss | Móstekk 68b | | 862 7160 | antoningi97@gmail.com |
| Varamaður: | Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson | Umf. Selfoss | Víðivöllum 3 | | 694 1721 | thorsteinn.runar@gmail.com |
| | | | | | | |
| **Hestaíþróttanefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Bragi Viðar Gunnarsson | Hestam.f. Jökli | Túnsbergi 2 | | 865 5864 | bragi91@gmail.com |
| | Berglind Sveinsdóttir | Hestam.f. Sleipni | Dranghólum 10 | | 840 1504 | stjorn@sleipnir.is |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Eiríkur Vilhelm Sigurðarson | Hestam.f. Geysi | Árbæjarhjáleigu 2a | | 866 2632 | eikivilhelm@gmail.com |
| Varamaður: | Ísleifur Jónasson | Hestam.f. Geysi | Kálfholti | 487 5016 | 852 4035 | isleifurjonasson@gmail.com |
| | | | | | | |
| **Íþróttanefnd eldri félagsmanna** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Tómas Jónsson | Umf. Selfoss | Fögruhellu 11 | 482 1264 | 891 7364 | tomjons@simnet.is |
| | Jón Smári Lárusson | Íþr.f. Dímon | Giljum | 487 8399 | 898 0983 | giljagaur54@gmail.com |
| | Markús Ívarsson | Umf. Þjótanda | Vorsabæjarhóli | 486 3318 | 695 9263 | krusihol@gmail.com |
| Varamaður: | Ásberg Lárenzínusson | Umf. Þór | Sunnubraut 5 | 483 3768 | 896 3117 | |
| | | | | | | |
| **Íþróttanefnd fatlaðra** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Þorbjörg Vilhálmsdóttir | Umf. Selfoss | Ástjörn 7 | 486 5603 | 866 1819 | thorbjorgvil@gmail.com |
| | Kristján Þór Steinþórsson | Íþr.f. Gný | Bláskógum | | 785 1667 | valgeir@solheimar.is |
| | Valgeir Backman | Íþr.f. Gný | Upphæðum 5 | 480 4400 | 847 1907 | valgeir@solheimar.is |
| Varamaður: | Ófeigur Ágúst Leifsson | Umf. Selfoss | Gauksrima 10 | | 849 3845 | ofeigur67@gmail.com |
| | | | | | | |
| **Knattspyrnunefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður | Gestur Einarsson | Umf. Gnúpverja | Ártúni | | 779 1058 | gessiumfg@gmail.com |
| | Sigurður Sigurðsson | Knattsp.f. Árborg | Dranghólum 21 | | 690 6166 | sigurdur@log.is |
| | Sólmundur Magnús Sigurðsson | Íþr.f. Uppsveita | Austurhlíð 4 | | 771 5591 | solmundurm@gmail.com |
| Varamaður | Þorsteinn Theodór Ragnarsson | Íþr.f. Hamri | Valsheiði 26 | 562 8898 | 899 8898 | steini@isfrost.is |
| | | | | | | |
| **Körfuknattleiksnefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Árni Þór Hilmarsson | Umf. Hrunamanna | Vesturbrún 6 | 482 1118 | 849 3870 | arni@fludaskoli.is |
| | Jóhanna M. Hjartardóttir | Umf. Þór | Eyjahrauni 11 | | 791 1717 | jmh@olfus.is |
| | Aníta Ólöf Jónsdóttir | Íþr.f. Garpi | Austvaðsholti | | 869 8953 | hekluhestar@hekluhestar.is |
| Varamaður: | Bjarni Bjarnason | Umf. Laugdæla | Þóroddsstöðum | | 868 3039 | bjarnibjarnasson1@gmail.com |
| | | | | | | |
| **Skáknefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Magnús Matthíasson | Umf. Selfoss | Dælengi 15 | | 691 2254 | maggimatt@simnet.is |
| | Björgvin Reynir Helgason | Umf. Heklu | Lambhaga | | 866 7196 | bjorgvinreynir@gmail.com |
| | Guðmundur Jónasson | Umf. Heklu | Bolöldu 3 | | 868 1188 | skuggi16@hotmail.com |
| Varamaður: | Úlfhéðinn Sigurmundsson | Umf. Gnúpverja | Haga 2 | 482 2929 | 868 6706 | ullisig@gmail.com |
| | | | | | | |
| **Starfsíþróttanefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Guðmundur Jónasson | Umf. Heklu | Bolöldu 3 | | 868 1188 | skuggi16@hotmail.com |
| | Kolbrún Júlíusdóttir | Umf. Þjótandi | Kolsholti 1 | | 863 1961 | kolsholt@islandia.is |
| | Sigurgeir Ingólfsson | Umf. Eyfellingi | Miðvangi 41 | | 893 8726 | slingolfsson@gmail.com |
| | | | | | | |
| **Sundnefnd** | | | | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Jóhanna Margrét Eðvaldsd. | Umf Selfoss | Lambhaga 34 | | 868 3434 | jedvaldsdottir@gmail.com |
| | Sigurlín Garðarsdóttir | Umf. Selfoss | Baugstjön 1b | | 897 4120 | gsigurlin@gmail.com |
| | Þorsteinn Árnason | Íþr.f. Hamri | Kjarrheiði 8 | | 897 6806 | thorsteinn@gjofull.is |
| Varam | Guðmundur Pálsson | Umf. Selfoss | Ártúni 2 | | 861 9105 | gudmundur_p@hotmail.com |
| | | | | | | |
| **Sögu- og minjanefnd** | | | | | | |
| | | félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Kjartan Lárusson | Umf. Laugdæla | Auturey | 486 1196 | 898 8902 | austurey@simnet.is |
| | Ólafur Elí Magnússon | Íþr.f. Dímon | Króktúni 9 | 487 8692 | 848 6196 | olieli@simnet.is |
| | Aðalsteinn Sveinsson | Umf. Þjótanda | Kolsholti | 486 3304 | 860 7714 | adalsteinnkolsholt@gmail.com |
| Varamaður: | Einar Magnússon | Hestam.f. Geysi | Króktúni 12 | 487 8430 | 893 8430 | einar@visir.is |
| | | | | | | |
| **Skoðunarmenn reikninga** | | | | | | |
| | | heimili | | sími | | |
| | Brynja Hjálmtýsdóttir | Beikiskógar | 801 Selfoss | 482 2472 | 858 6509 | brynja.hjalmtysdottir@gmail.com |
| | Bergur Guðmundsson | Kjarrmóa 4 | Selfossi | 482 2006 | 864 3853 | bergursigrun@hotmail.com |
| Varamaður: | Guðmundur Guðmundsson | Engjavegi 65 | Selfossi | 482 1159 | 899 3292 | gjgg@simnet.is |
| | | | | | | |
| **Stjórn HSK** | | Félag | heimili | sími | gsm | netfang |
| Formaður: | Guðríður Aadnegard | Íþr.f. Hamri | Grænumörk 9, Hverag. | | 897 4282 | gujaadnegard@gmail.com |
| Gjaldkeri: | Guðmundur Jónasson | Umf. Heklu | Bolöldu 3, Hellu | | 868 1188 | skuggi16@hotmail.com |
| Ritari: | Anný Ingimarsdóttir | Umf. Þjótanda | Vorsabæjarhjáleigu, Flóahr. | | 861 8368 | annyingimars@gmail.com |
| Varaformaður: | Helgi S. Haraldsson | Umf. Selfoss | Engjavegi 45, Self. | | 780 0403 | helgihar@simnet.is |
| Meðstjórnandi: | Guðrún Ása Kristleifsdóttir | Umf. Hvöt | Hraunbraut 12, Borg Grímsnesi | | 847 1149 | gurunasa@gmail.com |
| Varamenn: | Gestur Einarsson | Umf. Gnúpverja | Ártúni, 804 Selfoss | | 779 1058 | gessiumfg@gmail.com |
| | Lárus Ingi F Bjarnason | Íþr.f. Hamri | Heiðmörk 57, Hverag | | 660 1618 | larus@kjoris.is |
| | Ágústa Kristín Hjaltadóttir | Íþr.f. Garpi | Raftholti, Holtum | | 869 8291 | akhjaltad@gmail.com |

Nefndartillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Skoðunarmenn reikninga: Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson
Samþykkt samhljóða

## Kosning stjórnar

Formaður HSK: Guðríður Aadnegard
Samþykkt samhljóða

Gjaldkeri HSK: Guðmundur Jónasson
Samþykkt samhljóða

Ritari HSK: Anný Ingimarsdóttir
Samþykkt samhljóða

Varaformaður HSK: Helgi S. Haraldsson
Samþykkt samhljóða

Meðstjórnandi: Guðrún Ása Kristleifsdóttir
Samþykkt samhljóða

Varamenn: Gestur Einarsson, Ágústa Kristín Hjaltadóttir og Lárus Ingi Friðfinns Bjarnason.

Samþykkt samhljóða með lófaklappi

**21:17 Önnur mál**

Engin önnur mál lögð fram

**Þingi slitið 21:18**

Guðríður Aadnegard þakkaði fyrir áframhaldandi formannssetu og bauð nýjan stjórnarmann velkominn og þakkaði fyrir málefnalegar umræður, góðan mat og gott þing.

Þingritarar:
Guðrún Ása Krisleifsdóttir, formaður umf. Hvatar
Guðný Helgadóttir, Gjaldkeri umf. Hvatar

Þingforseti:
Guðmundur Finnbogason, stjórnarmaður í frjálsíþróttaráði HSK